

Opið bréf til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

Við undirritaðir foreldrar barna á Reyðarfirði gátum ekki orða bundist eftir að hafa lesið grein bæjarstjóra Fjarðabyggðar á Vísi þann 31. janúar sl. Í greininni mærir hann skólastarf Fjarðabyggðar, gjaldskrár og stefnur. Allt saman eru þetta atriði sem eru góð og gild á yfirborðinu en þegar betur er að gáð blasa við marklausar yfirlýsingar.

Fjölmargar fjölskyldur hafa valið sér búsetu á undanförunum árum í Fjarðabyggð vegna þess að þetta er öflugt samfélag með sterku atvinnulífi. Öflugt skólastarf þar sem tekið er við börnum í leikskóla við 1 árs aldur hefur verið lykilforsenda hjá fjölmörgum. Á Reyðarfirði hafa fjölskyldur fengið þau skilaboð að ekki verði tekið við 1 árs börnum í leikskólanum sökum manneklu, hvorki fast til starfa ófaglærðir né faglærðir leikskólakennarar til að halda úti skólastarfinu. Þá eru engir dagforeldrar í byggðakjarnanum og foreldrar fengið þau skilaboð að hægt verði að taka við börnunum í leikskólanum á Fáskrúðsfirði. Sá leikskóli er vafalaust góður skóli og gerum við engar athugasemdir við hann sem slíkan en öllum má ljóst vera að þetta raskar daglegum athöfnum foreldrar heilmikið. Akstur til og frá Fáskrúðsfirði tekur u.þ.b. 40 mínútur og í tilfelli þeirra sem eru í vinnu á Reyðarfirði þýðir þetta um klukkutími skemur sem viðkomandi hefur til vinnu á dag með tilheyrandi tekjuskerðingum. Áframhaldandi ástand er ekkert annað en forsendubrestur gagnvart því búsetuvali okkar að velja Reyðarfjörð.

Þessu til viðbótar hafa grunnskólabörn á Reyðarfirði ekki fengu sundkennslu með fullnægjandi hætti, eða frá því að tilkynnt var um að sundlaugin á Reyðarfirði væri ónothæf. Engar fregnir berast um hvort að hún verði yfir höfuð löguð eða börnin send annað í skólasund. Á meðan er sveitarfélagið ekki að sinna sínum lögbundnu skyldum og óvíst hvenær það verði uppfyllt.

Boðaðar aðgerðir

Lítið hefur farið fyrir aðgerðum til að bregðast við aðstæðunum. Ekkert átak við að auglýsa störf eða manna leikskólann. Þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið til að bregðast við vandanum er að veita leikskólakennurum aukið svigrúm til að sækja nám. Það væri gott og gilt ef ófaglærðir fengjust til starfa við leikskólann en svo er ekki og því vandséð hvernig það leysir nokkurn vanda á þessum tímapunkti, þvert á móti, við megum ekki við því að missa þá ófaglærðu starfsmenn við leikskólann í námsleyfi. Vissulega er gott að bæta starfsaðstæður og starfsumhverfi leik- og grunnskólakennara en vandinn virðist umfangsmeiri en svo að þetta eitt og sér dugi til.

Lág gjöld til einskis nýt

Það er til einskis fyrir sveitarfélagið að státa sig af lágum leikskólagjöldum ef ekki er hægt að taka við börnum sökum manneklu. Það er til einskis af sömu ástæðu að mæra sig af metnaðarfullri fræðslu- og fjölskyldustefnu.

Við neðangreindir foreldrar skorum á bæjarstjórn Fjarðabyggðar að forgangsraða í þágu foreldra og tryggja að það sem fram kemur í grein bæjarstjóra sé í anda veruleikans og að hér sé fjölskylduvænt að búa. Lág leikskólagjöld og fríar skólamáltíðir eru til einskis ef ekki er hægt að manna skólana og þessi lágu gjöld veða lítið í samanburði við þann eldsneytiskostnað, atvinnutekjumissi og óþarfa rasks ungra barna sem fjölskyldur á Reyðarfirði þurfa búa við sökum ástandsins í skólamálum.

Virðingarfyllst,

Brynja Sigurjónsdóttir

Eyrún Inga Gunnarsdóttir

Gerður Rún Rúnarsdóttir

Helga Björg Skarphéðinsdóttir

Hulda Guðnadóttir

Ingi Steinn Freysteinnsson

Ingibjörg Karlsdóttir

Ingólfur Tómas Helgason

Jón Hafliði Sigurjónsson

Magnús Karl Ásmundsson